



ÁRSSKÝRSLA

Barnaverndar Reykjavíkur // 2021

Júní 2022

ÁRSSKÝRSLA 2021 BARNAVERNDAR REYKJAVÍKUR

Útgefandi:

Barnavernd Reykjavíkur

Ármúla 4

105 Reykjavík

S. 411 9200

barnavernd@reykjavik.is





EFNISYFIRLIT

Barnaverndarnefnd Reykjavíkur 2019 – 2022 (maí)

Tómas Hrafn Sveinsson, formaður

Sandra Ocares

Eldey Huld Jónsdóttir

Margrét K. Sverrisdóttir

Sólrún Sverrisdóttir

Framkvæmdastjórn

Katrín Helga Hallgrímsdóttir, settur framkvæmdastjóri

Elísa Ragnheiður Ingólfssdóttir, skrifstofustjóri

Hákon Sigursteinsson, framkvæmdastjóri í leyfi til 31. desember 2022

Ávarp formanns barnaverndarnefndar Reykjavíkur	4
Ávarp framkvæmdastjóra Barnaverndar Reykjavíkur	5
Tölfræði ársins 2021	8
Vistanir barna á vegum Barnaverndar Reykjavíkur	9
a / Mánaberg	9
b / Vistheimili unglunga	11
c / Klettabær	11
d / Hamarskot, Ásvallagata og Fannafold	12
Teymin	13
a / Bráða- og viðbragðsteymi	13
b / Könnunar- og meðferðarteymi yngri barna	14
c / Könnunar- og meðferðarteymi eldri barna	16
d / Könnunar- og meðferðarteymi barna af erlendum uppruna og heimilisofbeldi	16
e / Fósturteymi	18
Úrlausnir úrskurðarnefndar velferðarmála og dómstóla	19
Ársuppgjör	20

ÁVARP FORMANNS BARNAVERNDARNEFNDAR REYKJAVÍKUR

Senn líður að lokum áratuga starfsemi barnaverndarnefnda á Íslandi. Undanfarin ár hefur verið unnið að umfangsmiklum breytingum á barnaverndarkerfinu á Íslandi á vegum ráðuneyta og sveitarfélaga. Ein umfangsmesta breytingin í þeirri vegferð var samþykkt laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 og breytingar á barnaverndarlögum með lögum nr. 107/2021. Þó lögin hafi verið samþykkt á árinu 2021 er enn mikið verk fyrir höndum og þá sérstaklega það sem snýr að innleiðingu farsæðarlaganna sem búast má við að taki nokkur ár. Við lok ársins 2022 fellur niður umboð barnaverndarnefnda og til starfa taka svokölluð umdæmisráð.

Umdæmisráð barnaverndar tekur við úrskurðarhlutverki barnaverndarnefndar og verður eingöngu skipað fagaðilum. Eitt meginmarkmið þessara breytinga er að efla fagþekkingu og auka vægi fagfólks við vinnslu barnaverndarmála þar sem teknar eru íþyngjandi ákvarðanir. Framangreind markmið lúta ekki síst að minni sveitarfélögum enda gert ráð fyrir að 6.000 íbúa þurfi að lágmarki að baki hverju umdæmisráði.

Barnaverndarnefnd Reykjavíkur hefur um langt árabil verið sjálfstæð í störfum sínum frá störfum borgarstjórnar, eins og lög gera ráð fyrir. Þá hefur nefndin sömuleiðis um árabil verið skipuð hæfum fagaðilum með breiða þekkingu á sviði lögfræði, sálfræði, félagsráðgjöf og þekkingu á málefnum barna. Hefur starf barnaverndarnefndar Reykjavíkur þannig verið faglega farsælt um langt árabil.

Á árinu 2021 kom barnaverndarnefnd Reykjavíkur saman á 25 fundum og kveðnir voru upp 53 úrskurðir. Í 8 tilvikum sneru ákvarðanir að forsjárviptingu foreldra, 28 úrskurðir um vistun barns utan heimilis og 16 úrskurðir fjölluðu um umgengni, langflestir um umgengni kynforeldra við börn sem eru í varanlegu fósttri. Úrskurðir barnaverndarnefndar eru íþyngjandi og snúa að mikilvægum mannréttindum barna og foreldra. Í því samhengi er mikilvægt að horfa til þess að allir úrskurðir barna-



TÓMAS HRAFN SVEINSSON
FORMAÐUR BARNAVERNDARNEFNDAR

verndarnefnda eru háðir endurskoðun og aðhaldi dómstóla og úrskurðarnefndar velferðarmála. Úrskurðum um vistun barns utan heimilis er unnt að skjóta til dómstóla og forsjáarsviptingar koma ekki til nema með dómi. Úrskurðir um umgengni eru kærarlegir til úrskurðarnefndar velferðarmála.

Undir lok síðasta árs kallaði barnaverndarnefnd Reykjavíkur eftir því við mennta- og barnamálaráðuneytið að hugað yrði að því við endurskoðun barnaverndarlaga hvort íslensk barnaverndarlög, túlkun þeirra og ríkjandi stjórnsýslu- og dómaframkvæmd stæðist sjónarmið sem birst hafa á undanförnum árum í dómum Mannréttindadómstóls Evrópu, fyrst og fremst í fjölda dóma sem fallið hafa gegn Noregi. Ákveðinn samhljómur er með íslenskum barnaverndarlögum og framkvæmd þeirra og þeirri framkvæmd sem ríkjandi var í Noregi um áráðil og gerðar voru alvarlegar athugasemdir við í dómum Mannréttindadómstólsins. Um síðustu áramót tóku gildi ný barnaverndarlög í Noregi sem meðal annars var ætlað að bregðast við þeim annmörkum sem bent var á í dómum Mannréttindadómstólsins. Í dómum Mannréttindadómstólsins hefur fyrst og fremst verið gerð athugasemd við að ekki hafi verið á fullnægjandi hátt gætt að því að vistanir barna utan heimilis skuli vera tímabundnar og allar aðgerðir barnaverndaryfirvalda hafi það að markmiði að sameina börn og foreldra eins fljótt og hægt er. Ákvarðanir um umgengni kynforeldra við börn í fóstri eru lykilþáttur í því að ávallt skuli stefnt að því að sameina börn og foreldra. Í dómum Mannréttindadómstólsins voru gerðar athugasemdir við ákvarðanir norskra barnaverndaryfirvalda um takmarkaða umgengni kynforeldra við börn í fóstri, sem oft var ákveðin þrisvar til sex sinnum á ári. Þá hafa verið gerðar athugasemdir við að ekki hafi verið gætt að rétti barnsins til að þekkja og vera í tengslum við menningar- og trúarlegan bakgrunn sinn, í þeim tilvikum þegar barn af erlendum uppruna var sett í fóstur til kristinnar, norskrar fjölskyldu.

Barnavernd Reykjavíkur telur mikilvægt að þessi mál verði ítarlega skoðuð við endurskoðun barnaverndarlaga. Sú óvissa sem nú ríkir veldur álagi og skapar óöryggi í réttarframkvæmd gagnvart þeim börnum sem hér um ræðir, kynforeldrum þeirra og fósturforeldrum barnanna. Þá hefur nefndin áhyggjur af því hvernig hægt verði að tryggja börnum af erlendum uppruna sem þurfa að fara í fóstur fullnægjandi tengsl við menningarlegan og trúarlegan bakgrunn sinn í ljósi þess mikla skorts sem er á fósturforeldrum hér á landi og nánast engir fósturforeldrar hér á landi eru af erlendum uppruna.



ÁVARP FRAMKVÆMDASTJÓRA BARNAVERNDAR REYKJAVÍKUR

Barnavernd Reykjavíkur gefur nú í fyrsta sinn út ársskýrslu. Meginmarkmið skýrslunnar er að varpa ljósi á það mikilvæga starf sem fram fer hjá Barnavernd Reykjavíkur. Einnig teljum við mikilvægt að vekja athygli á þeim áskorunum sem Barnavernd Reykjavíkur, og barnaverndarstarf í landinu almennt, stendur frammi fyrir.

Barnavernd Reykjavíkur tilheyrir velferðarsviði Reykjavíkurborgar þó barnaverndarnefnd Reykjavíkur sé alfarið sjálfstæð í störfum sínum. Þegar barnaverndarnefnd lýkur störfum í lok ársins 2022 mun almenn stjórnsýsla barnaverndarþjónustu í Reykjavík heyra undir velferðarráð en úrskurðarvald í einstökum málum hvílir þá hjá umdæmisráði barnaverndar.

Barnavernd Reykjavíkur á í öflugum samstarfi við aðrar starfseiningar velferðarsviðs sem hafa aðkomu að málefnum barna, svo sem miðstöðvar velferðarsviðs og Keðjuna sem heldur utan um alla stuðningsþjónustu fyrir börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra í Reykjavík. Þá hefur velferðarráð og velferðarsvið Reykjavíkur komið að og stutt við uppbyggingu úrræða á vegum Barnaverndar nú síðast með því að samþykkja að hefja undirbúning að stofnun nýs vistheimilis fyrir allt að átta ungmenni sem þar geta dvalið til skemmri og lengri tíma.

Árið 2019 voru gerðar breytingar á skipulagi Barnaverndar Reykjavíkur og ný teymi með nýjar áherslur sett á laggirnar. Nú tæpum þremur árum síðar hafa teymin náð að festa sig í sessi og byggja upp sérhæfingu hvert á sínu sviði. Í skýrslunni er gerð nokkuð ítarleg grein fyrir starfsemi teymanna og þeim úrræðum sem Barnavernd Reykjavíkur býr yfir. Í öllu starfi Barnaverndar er reynt eftir fremsta megni að tryggja aðkomu viðeigandi sérfræðinga. Þannig starfa bæði sálfræðingar og lögfræðingar þétt með meðferðarteymum Barnaverndar og veita ráðgjöfum mikilvægan stuðning við ákvarðanatöku og mat á þeim stuðningi og þeirri þjónustu sem barn og fjölskylda er í þörf fyrir.



KATRÍN HELGA HALLGRÍMSDÓTTIR
FRAMKVÆMDASTJÓRI BARNAVERNDAR

Í lok árs rak Barnavernd Reykjavíkur tvö vistheimili, annars vegar Mánaberg fyrir börn á aldrinum 0-12 ára og hins vegar Hraunberg fyrir börn á aldrinum 13-18 ára. Þá var Barnavernd Reykjavíkur með samninga við tvo aðila um rekstur fjölskylduheimila, annars vegar á Ásvallagötu og hins vegar Hamarskoti á Suðurlandi. Nánar er fjallað um vist- og fjölskylduheimilin í kafla 4 í skýrslunni.

Heildarkostnaður af rekstri Barnaverndar Reykjavíkur árið 2021 var kr. 2.816.417.000. Fjárhagsramminn var kr. 2.329.101.000 og voru heildarfrávik því kr. 487 milljónir eða 20,8% yfir áætlun.

Meginskýring frávika í rekstri er kostnaður af vistunum barna utan heimilis sem felst í greiðslum til fósturforeldra eða vistunaraðila og til einkaúrræða (fyrst og fremst Klettabær ehf.) sem tekið hafa að sér vistanir barna með alvarlegan geð-, þroska- og hegðunarvanda. Nettó kostnaður vegna þessa liðar árið 2021 var kr. 1,2 milljarðar en fjárhagsramminn var kr. 720 milljónir. Kostnaður vegna vistana barna í Klettabæ árið 2021 var tæpar 666 milljónir króna. Það má því draga þá ályktun að fjárhagsrammi Barnaverndar geri ekki ráð fyrir vistunum barna með alvarlegan geð-, þroska- og hegðunarvanda. Kostnaður vegna vistana þessara barna hefur vaxið ört á undanförum árum og eru á því ýmsar skýringar svo sem: skortur á meðferðarúrræðum á vegum ríkisins; langur biðtími á legudeild BUGL og takmörkuð geta spítalans til að taka við börnum í innlögn sem sýna erfiða hegðun svo sem í formi mótþróa eða ofbeldis; mikill skortur á fósturforeldrum og þá sérstaklega fósturforeldrum sem geta tekið að sér börn í styrkt fóstur. Nokkuð hefur verið fjallað um þessa þróun og alvarlega stöðu í þessum málaflokki undanfarin misseri. Í apríl á þessu ári boðaði mennta- og barnamálaráðherra skipan stýrihóps sem hefði það hlutverk að kortleggja og greina þjónustupörf barna með fjölþættan vanda og koma með tillögur um viðeigandi úrræði og skiptingu kostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga. Er hér um mikilvægt verkefni að ræða sem vaxið hefur að umfangi undanfarinn áratug, án þess að legið hafi fyrir skýr fagleg framtíðarsýn um hvernig málefnum þessara barna sé best fyrirkomið og hvernig kostnaðarskiptingu vegna þeirra skuli háttáð milli ríkis og sveitarfélaga. Staðan í dag er einfaldlega þannig að sveitarfélögin eru að kosta miklu til að sinna börnum sem að einhverju leyti þurfa og eiga rétt á öflugri heilbrigðisþjónustu og sérhæfðum meðferðarúrræðum sem þau hafa í dag ekki aðgang að.

Í lok árs störfuðu 62 starfsmenn í 58 stöðugildum á skrifstofu Barnaverndar Reykjavíkur sem skiptust þannig milli starfa.

/ Framkvæmdastjórn 3
/ Deildarstjórar 5
/ Fræðslu- og gæðastjóri 1
/ Rekstur og stoðþjónusta 5
/ Lögfræðiteymi 3
/ Sálfræðiteymi 3
/ Ráðgjafar 39
/ Eftirlit Barnaverndar 3

¹ Sjá til dæmis í skýrslu stjórnenda í barnavernd á höfuðborgarsvæðinu frá í apríl 2021.

TÖLFRÆÐI ÁRSINS 2021


Árið 2021 bárust 4954 tilkynningar til Barnaverndar Reykjavíkur sem var fækkun um 6,8% frá árinu áður. Árin þar á undan hafði tilkynningum fjölgað nokkuð eða um 6,3% milli 2018 (4401) og 2019 (4677) og svo um 14% milli 2019 og 2020 (5316). Fjölgunin sem varð árið 2020 skýrist fyrst og fremst af þeim óróleika sem Covid 19-faraldurinn olli í þjóðfélaginu, með lokun skóla, auknu atvinnuleysi og versnandi hag heimila og barna. Árið 2021 gekk sú aukning að einhverju leyti til baka þó tilkynningar árið 2021 hafi enn verið nokkru fleiri en árið 2019.

Sé litið til mismunandi flokka tilkynninga má sjá að tilkynningum um vanrækslu fækkaði um 4,8% og helst það nokkuð í hendur við fækkun tilkynninga almennt.


Tilkynningum um áhættuhegðun fækkaði um 11% milli 2020 (1394) og 2021 (1241) en þeim fjölgaði um tæp 5% milli áranna 2019 (1329) og 2020. Í þeim flokki eru tilkynningar um vímuefnanotkun ungmenna sem fækkaði um 25% milli áranna 2019 (231) og 2020 (174) og svo um 18% milli áranna 2020 og 2021 (142).

Tilkynningum um ofbeldi fækkaði um 6% milli 2020 (1317) og 2021 (1238) eftir að hafa fjölgað um 23% milli áranna 2019 (1070) og 2020. Í þeim flokki eru tilkynningar um kynferðisofbeldi sem fækkaði um 14% milli áranna 2019 (165) og 2020 (142) en fjölgaði um 50% milli áranna 2020 og 2021 (213). Í þeim flokki eru einnig tilkynningar um heimilisofbeldi sem fækkaði milli áranna 2020 (313) og 2021 (245) eftir að hafa fjölgað verulega milli 2019 (250) og 2020. Skýrist það væntanlega fyrst og fremst af þeim samfélagsbreytingum sem urðu árið 2020 með stífum reglum um einangrun og sóttkví og skerðingu á skólastarfi, sem að einhverju leyti gekk til baka eða var í meira jafnvægi árið 2021.

**FJÖLDI TILKYNNINGA
2018 - 2021**



**TEGUND TILKYNNINGA
YFIRFLOKKAR**



VISTANIR BARNA Á VEGUM BARNAVERNDAR REYKJAVÍKUR

a / Mánaberg

/ Vistheimili fyrir 7 börn, 0 - 13 ára

/ Skammtímvistun

/ Greiningar- og leiðbeiningarvistun foreldra með börnum


/ 83 einstaklingar dvöldu í Mánabergi 2021 í samtals 3.253 nætur

/ Nýting 130%

/ Laun og rekstur 2021: 300 milljónir

/ Forstöðumaður, Hulda L. Blöndal Magnúsdóttir

Í **Mánabergi** eru börn ýmist vistuð án foreldra eða með foreldrum sínum í greiningar- og leiðbeiningarvistun. Greiningar- og leiðbeiningarvistun er almennt sex til átta vikur. Þegar um er að ræða sérstaklega erfið mál fer fram sérhæfð vistun sem getur varað í allt að 16 vikur. Unnið er eftir hugmyndafræðinni Uppeldi sem virkar - færni til framtíðar, sem er lausnamiðuð nálgun þar sem unnið er með tengsl foreldra og barna. Árið 2021 voru 42 mál til meðferðar á Mánabergi en voru 53 árið 2020. Helsta skýringin á fækun mála var aukning í sérhæfðri vistun sem leiddi af sér biðlista og færri mál voru í vinnslu hverju sinni. Af 21 máli í greiningar- og leiðbeiningarvistun voru fimm í sérhæfðri vistun árið 2021. Að baki hverju máli er ýmist eitt barn, systkini eða barn/börn og foreldrar. Á Mánabergi eru fjögur herbergi og ein íbúð. Foreldrar í greiningar- og leiðbeiningarmálum eru aðeins teknir inn ef það er laust herbergi.



Undir Mánaberg heyrir einnig Ráðgjöfin heim sem er öflugt barnaverndarúrræði þar sem veittur er stuðningur og ráðgjöf á heimili fjölskyldna, foreldrar eru studdir í uppeldis- hlutverki sínu og í tengslamyndun við börn sín. Ráðgjöfin heim sinnir bæði fjölskyldum sem verið hafa á Mánabergi og fá eftirfylgd þaðan þegar heim er komið og fjölskyldum sem þurfa öflugan stuðning heima fyrir.

Starfsmenn Mánabergs eru um 30 í 23,4 stöðugildum: stjórnendur 2 stöðugildi; uppeldis- og meðferðarráðgjafar 10 stöðugildi; næturvaktarstarfsmenn 4 stöðugildi; matráður og þrif 1,3 stöðugildi; helgarstarfsmenn 2 stöðugildi og ráðgjöfin heim 4 stöðugildi.



Starfsemi **Mánabergs** er komin yfir þolmörk eins og nýting úrræðisins ber með sér. Húsnæði Mánabergs er auk þess komið til ára sinna og ekki skipulagt í takt við þá starfsemi sem þar fer fram í dag þar sem foreldrar dvelja í auknum mæli með börnum sínum og reynt er að tryggja eins og frekast er kostur að byggja upp og efla tengsl foreldra og barna.

Það er í farvegi að byggja nýtt húsnæði undir starfseminum og er undirbúningur hafinn að því. Mikilvægt er að þeirri vinnu miði hratt og örugglega áfram. Það er mat Barnaverndar Reykjavíkur að í millitíðinni þurfi að leysa húsnæðisvanda Mánabergs með millibílslausn og finna starfseminni tímabundið stærra húsnæði. Um leið þarf að hefja uppbyggingu á þeirri faglegu starfsemi sem fyrirhugað er að fram fari í nýju húsnæði.

VISTANIR BARNA Á VEGUM BARNAVERNDAR REYKJAVÍKUR

b / Vistheimili unglunga

/ Hraunberg, vistheimili fyrir 3-4 börn á aldrinum 13 – 18 ára

/ Skammtímavistun fyrir börn sem geta ekki dvalið heima


/ 29 börn dvöldu í Hraunbergi 2021 í samtals 1272 nætur

/ Laun og rekstur 2021: 180 milljónir

Barnavernd Reykjavíkur rak frá árinu 2010 skammtímaheimili fyrir unglunga í **Hraunbergi** 15, undir nafninu Hraunberg. Skammtímaheimilið var ætlað þremur börnum á aldrinum 13 – 18 ára sem þurftu skammtímavistun utan heimilis, auk eins neyðarpláss.

Í desember 2021 var úrræðið flutt í annað húsnæði vegna myglu í Hraunbergi.

Á fundi velferðarráðs 16. febrúar 2022 var samþykkt að hefja undirbúning að stofnun nýs sérhæfðs vistheimilis fyrir allt að átta ungmenni, sem mæti fjölpættum vanda þeirra ungmenna sem þurfa að dvelja í úrræðum á vegum Barnaverndar Reykjavíkur. Þar til nýtt úrræði verður opnað hefur verið samið við Klettabæ ehf. um að taka við þeirri þjónustu sem veitt var í Hraunbergi en fyrir allt að fimm ungmenni. Úrræðið ber heitið **Kletturinn** og tók til starfa í kjölfar lokunar Hraunbergs þann 17. febrúar sl.



VISTANIR BARNA Á VEGUM BARNAVERNDAR REYKJAVÍKUR

c / Klettabær

/ 5 börn í búsetu allt árið á vegum Barnaverndar Reykjavíkur

/ 4 börn í búsetu hluta úr ári

/ 6 börn í hvíldardvöl

/ 666 milljónir greiddar fyrir þjónustu árið 2021

Klettabær ehf. starfrækir sértæk búsetuúrræði til langs og skamms tíma. Einnig er þar boðið upp á hvíldardvalir auk fjölbreyttrar og einstaklingsmiðaðrar þjónustu í Þjónustumiðstöð Klettabæjar og Náms- og starfssetri Klettabæjar.

Það er mat Barnaverndar Reykjavíkur að almennt gangi vel með vistanir og hvíldardvalir þeirra barna sem vistuð hafa verið í Klettabæ. Hins vegar er það mat Barnaverndar Reykjavíkur að hluti þessara barna eigi að vera í meðferðarúrræðum á vegum ríkisins, fóstri eða styrktu fóstri. Skortur hefur verið á meðferðar- og fósturúrræðum á vegum Barna- og fjölskyldustofu og þá sérstaklega heimilum sem sinnt geta styrktu fóstri. Samkvæmt barnaverndarlögum eiga þau börn sem á þurfa að halda rétt á dvöl í heimilislegu og fjölskylduvænu umhverfi líkt og gert er ráð fyrir í fóstri, en ekki í vakt-skiptu úrræði eins og er reyndin.



VISTANIR BARNA Á VEGUM BARNAVERNDAR REYKJAVÍKUR

d / Hamarskot, Ásvallagata og Fannafold

Hamarskot

Barnavernd Reykjavíkur hefur verið með samning við fjölskylduheimilið að **Hamarskoti** í Flóahreppi undanfarin ár um að vista allt að sjö ungmenni á aldrinum 15 – 20 ára. Undanfarin eitt til tvö ár var nýting úrræðisins lítil og var svo komið að árið 2021 voru nokkrir mánuðir þar sem ekkert barn dvaldi í Hamarskoti, 1-3 börn þess utan. Ljóst var að forsendur fyrir greiðslum fyrir allt að sjö börn voru ekki lengur til staðar og undir lok árs 2021 sögðu rekstraraðilar upp samningi sínum við Barnavernd Reykjavíkur.

Hamarskot var fyrst og fremst miðað fyrir krakka sem höfðu verið í fíkniefnaneyslu, dvalið í meðferðarúrræðum á vegum Barna- og fjölskyldustofu og þurftu heimili í framhaldinu. Undanfarin ár hafa færri börn en áður verið í þessari stöðu og síðustu ár voru flest þeirra barna sem dvöldu í Hamarskoti með einhvers konar þroska- eða geðraskanir, eða um að ræða fylgdarlaus ungmenni.

Börn á þessum aldri sem vistuð eru á vegum Barnaverndar Reykjavíkur þurfa gjarnan að sækja vinnu, skóla og heilbrigðisþjónustu í Reykjavík og því er oft ekki hægt að koma því við að ungmenni búi úti á landi.

Árlegur kostnaður samnings Barnaverndar Reykjavíkur við Hamarskot var um kr. 80 milljónir.

Ásvallagata

Á **Ásvallagötu** í Reykjavík er rekið fjölskylduheimili fyrir fjögur börn. Heimilið er rekið af fjölskyldu sem býr á staðnum. Fjögur börn á aldrinum 13 -18 ára búa hverju sinni á Ásvallagötu og sinna skóla, tómstundum og vinnu. Börnin fara eina helgi í mánuði til foreldra, ættingja eða vina. Nýting Ásvallagötu hefur undanfarin ár verið 100%.

Árlegur kostnaður af rekstri Ásvallagötu var kr. 47 milljónir árið 2021.

Fannafold

Barna- og fjölskyldustofa rekur stuðningsheimilið **Fannafold** fyrir ungmenni sem lokið hafa meðferð á Stuðlum og mögulega öðrum úrræðum en þurfa að þeim tíma loknum á frekari stuðningi að halda sem ekki er hægt að veita þeim heima fyrir. Lögð er áhersla á að byggja ungmennin upp til sjálfstæðis og samfélagslegrar virkni. Á heimilinu er aðstaða fyrir þrjú ungmenni.

Í lok árs 2021 dvöldu tvö ungmenni á vegum Barnaverndar Reykjavíkur í Fannafold. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur fer með forsjá þeirra allra. Barnavernd Reykjavíkur greiðir kr. 3,5 milljónir fyrir hvert barn á mánuði.

TEYMIN

a / Bráða- og viðbragðsteymi

/ Deildarstjóri: Sigurður Örn Magnússon

/ 7 félagsráðgjafar

/ Fyrsta viðbragð og bráðaviðbragð



Bráða- og viðbragðsteymi Barnaverndar var sett á laggirnar í kjölfar skipulagsbreytinga haustið 2019. Markmið teymisins er að vera fyrsti snertiflötur einstaklinga og kerfa við Barnvernd til að koma málum fljótt og örugglega í réttan farveg hvort sem er hjá Barnavernd, öðrum kerfum borgarinnar eða í heilbrigðiskerfinu.

Undir bráða- og viðbragðsteymi heyrir bráðavakt sem starfar alla virka daga á skrifstofutíma og sinnir útköllum á þeim tíma, svo sem í heimilisofbeldismálum, ræðir við börn í skóla vegna tilkynninga um ofbeldi eða vanrækslu og situr skýrslutökur barna hjá lögreglu og í Barnahúsi.

Ráðgefandi sí mavakt er alla virka daga milli kl. 13.00 og 15.00, nema föstudaga kl. 10.00 – 12.00. Sí mavaktin tekur við tilkynningum frá almenningi og er ráðgefandi vakt við almenning og stofnanir sem þurfa leiðbeiningar eða aðstoð í tengslum við barnaverndarmál.

Bráða- og viðbragðsteymi fer daglega yfir allar þær tilkynningar sem berast og metur hvort bregðast þurfi við þeim samdægurs eða hvort þær fara í hefðbundið ferli þar sem afstaða er tekin til þeirra á innan við sjö dögum.

Bráða- og viðbragðsteymi heldur utan um mál vegna barna sem sætt hafa kynferðislegu ofbeldi eða áreitni, metur hvort þörf sé á aðkomu Barnahúss og heldur í framhaldi utan um samstarf við Barnahús og lögreglu eftir því sem við á.

Bráða- og viðbragðsteymi sinnir oft fyrstu könnun í málum með svokölluðum „tilkynningarfundum“. Þá eru allir lykil aðilar að máli barns kallaðir saman í samráði við forsjáraðila, svo sem skóli, foreldrar, stuðningsaðilar og eftir atvikum barnið. Um er að ræða lausnamiðaða nálgun til að allir aðilar og öll þau kerfi sem hafa snertiflöt við barnið geti komið saman og unnið samtaka í átt að því að bæta stöðu og líðan barnsins og sinnt sínum hlutverkum. Unnið hefur verið með tilkynningarfundum til margra ára hjá Barnavernd Reykjavíkur en verklag í kringum þá helst vel í hendur við þau markmið og það leiðarljós sem fram kemur í lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna

/ Bráðavakt

/ Sí mavakt

/ Tilkynningar

/ Ofbeldi gegn börnum

/ Tilkynningarfundir

TEYMIN

b / Könnunar- og meðferðarteymi yngri barna

/ Deildarstjóri: Laufey Þorvaldsdóttir

/ 9 ráðgjafar, þar af 7 félagsráðgjafar

/ 254 málum úthlutað í teymið 2021

/ Könnun og meðferð í málum ófæddra barna og barna upp að 12 ára aldri

Hlutverk teymisins er að kanna mál svo sem með öflun upplýsinga frá foreldrum, aðstandendum, börnum og þeim kerfum sem börn og foreldrar hafa snertingu við, t.d. leikskóla, skóla, heilsugæslu og lögreglu. Sé það niðurstaða könnunar að ástæða sé til að aðstoða fjölskyldu frekar og koma í gang úrræðum henni til stuðnings er málið í framhaldi unnið á grundvelli áætlunar um meðferð máls. Mikið er lagt upp úr því að ná samvinnu við foreldra við vinnslu málsins en takist það ekki kann að koma til þess að beita þurfi þeim úrræðum sem barnaverndarnefnd býr yfir samkvæmt barnaverndarlögum til að tryggja öryggi og aðbúnað barns, svo sem með því að vista barn utan heimilis eða koma á stuðningi og þjónustu við barn eða eftirlit með heimili.

Verkefni starfsmanna teymisins eru margvísleg en stór hluti vinnunnar er að fylgja fjölskyldum eftir og veita stuðning með viðtölum og leiðbeiningum og tryggja að rétt úrræði fari af stað. Þá sinna starfsmenn vitjunum á heimili, funda með meðferðaraðilum og stofnunum og fylgja málum eftir á fundi barnaverndarnefndar Reykjavíkur og fyrir dómstólum. Á árinu 2021 fór 31 mál sem unnið var í teyminu fyrir dómstóla, en langflest þeirra mála sem fara fyrir dómstóla hjá Barnavernd Reykjavíkur tilheyra þessu

teymi. Er hér um að ræða börn sem vista þarf utan heimilis gegn vilja foreldra eða farið er fram á forsjársviptingu foreldra (8 mál á árinu 2021).

Mikið og öflugt samstarf er við hlutaðeigandi stofnanir og fagaðila þar sem ráðgjafar teymis koma á þeim stuðningi og þeirri þjónustu sem foreldrar og barn þurfa á að halda vegna síns vanda. Má þar nefna ýmsar deildir innan Landspítalans, Vog og Vík, Hlaðgerðarkot, miðstöðvar borgarinnar, ýmis einkaúrræði, listmeðferðarfræðinga, sálfræðinga, geðlækna, áfalla- og fíkniráðgjafa og svona mætti lengi telja.

Þegar gerðar voru breytingar á teymaskipan Barnaverndar Reykjavíkur haustið 2019 var ákveðið að málefni ófæddra barna yrðu alfarið unnin í þessu teymi með það að markmiði að samhæfa vinnubrögð í þeim málum. Er hér fyrst og fremst um að ræða mál þar sem móðir er í vímuefnaneyslu. Slíkt mál geta verið umfangsmikil og flókin og krefjast tafarlausra viðbragða til þess að tryggja heilsu og líf ófædd barns. Mikið og gott samstarf er við áhættumeðgöngu Landspítalans sem sinnir meðgöngueftirliti þessa hóps og er fundað reglulega með fagaðilum þar. Í sameiningu er fundin lausn fyrir verðandi foreldri til þess að takast á við vanda sinn og leita sér vímuefnaðferðar sem oftast gengur eftir með góðum árangri. Þessi mál hafa iðulega

TEYMIN

forgang inn á meðferðarstofnanir enda mikilvægt að bregðast sem fyrst við og að verðandi foreldri láti tafarlaust af vímuefnaneyslu sinni.

Þegar öll vægari úrræði eru fullreynd og verðandi foreldri lætur ekki af vímuefnaneyslu sinni þarf að meta hvort að grípa þurfi til þvingunar til þess að tryggja heilsu og líf ófædds barns. Slík mál eru flókin í framkvæmd og eru verulega íþyngjandi fyrir verðandi foreldri. Með nýjustu breytingum barnaverndarlaga þann 1. janúar 2022 verður nú hægt að krefjast fyrir dómi sviptingu sjálfræðis barnshafandi einstaklings, þegar foreldri stefni lífi og heilsu barns í verulega hættu. Það er mat Barnaverndar Reykjavíkur að framangreind lagabreyting sé framfaraskref en það mun reynast áskorun að fylgja eftir slíkri sjálfræðissviptingu og vistun foreldris á meðgöngu þar sem takmörkuð úrræði eru til að sinna slíkri vistun. Í nýju vistheimili barna sem undirbúningur er hafinn að, er gert ráð fyrir aðstöðu og úrræði til að sinna foreldrum ófæddra barna í þessari stöðu.

Við vinnslu mála hafa starfsmenn undanfarið orðið varir við aukna notkun ávanabindandi lyfseðilsskyldra lyfja sem erfitt reynist að takast á við. Áhyggjur snúa þá að misnotkun lyfjanna og áhrifa þeirra á getu foreldra til að sinna forsjárskyldum sínum. Til þess að takast á við þennan vanda hefur teymið undanfarið notið aðstoðar sérfræðilæknis til að aðstoða við að meta lyfjamál foreldra.

/ 22 mál ófæddra barna
/ Algengasta ástæða vinnslu máls
er vanræksla barns tengd
misnotkun foreldra á áfengi,
vímuefnum eða lyfjum
/ 40-50 börn vistuð utan heimilis
á hverjum tíma.

TEYMIN

c / Könnunar- og meðferðarteymi eldri barna

/ Deildarstjóri: Vilborg Grétarsdóttir

/ 5 félagsráðgjafar

/ 137 málum úthlutað í teymið 2021


/ Könnun og meðferð í málum barna 12 ára og eldri

Markmið teymis er að sinna málefnum barna 12 til 18 ára sem eiga við vanda að glíma og skapa sérþekkingu í málefnum barna og unglunga. Einnig eru til vinnslu mál barna á aldrinum 18-20 ára sem kjósa að dvelja áfram í úrræðum og vistun á vegum Barnaverndar eftir 18 ára aldur. Þannig er markmið og tilgangur að reyna að skapa betri samfellu og betri þjónustu fyrir börn og foreldra þeirra. Tilkynningar berast til barnaverndar vegna málefna barna frá ólíkum aðilum og má þar nefna skóla, heilsugæslu, foreldra og ættingja, heilbrigðisstofnanir og félagsmiðstöðvar. Tilkynningar varða fyrst og fremst vanrækslu, ofbeldi og áhættuhegðun barna.

Könnunar- og meðferðarteymi eldri barna á í þétu og öflugum samstarfi við meðferðarúrræði Barna- og fjölskyldustofu; Stuðla, Lækjarbakka og Bjargey í Eyjafirði. Þá voru um 20 mál til meðferðar á árinu 2021 þar sem MST meðferð var í gangi. MST er meðferðarúrræði á vegum Barna- og fjölskyldustofu fyrir fjölskyldur barna á aldrinum 12-18 ára sem glíma við alvarlegan hegðunarvanda. Meðferðin felst fyrst og fremst í að auka færni foreldra til að takast á við vanda barna sinna. Heildarmarkmið MST eru að barn búi heima hjá sér, stundi vinnu eða skóla, komist ekki í kast við lögin, noti ekki vímuefni og beiti ekki ofbeldi eða hótunum.

Skortur á viðeigandi úrræðum og mikil bið eftir þjónustu háir málavinnslu í teyminu þó nokkuð. Í því samhengi má nefna að mikill skortur er á fósturheimilum til að taka stálpuð ungmenni í fóstur og þá sérstaklega börn sem glíma við þroska-, hegðunar- eða geðvanda. Hefur þetta leitt til þess að þó nokkur börn sem teymið sinnir hefur þurft að vista í Klettabæ þar sem börnum er sinnt í vaktskiptu úrræði í stað þess að dvelja á fjölskylduheimili.

Teymið bindur miklar vonir við uppbygginu úrræða fyrir ungmenni á vegum Reykjavíkurborgar sem samþykkt var á fundi velferðarsviðs í febrúar 2022 og þátttöku ríkisins í þeirri vinnu sem framundan er. Þá er sérstaklega horft til þess að styrkja innviði teymisins, efla starfsanda og halda áfram að vera öflugir málsvarar þeirra unglunga sem á þurfa að halda.



TEYMIN

d / Könnunar- og meðferðarteymi barna af erlendum uppruna og heimilisofbeldi

/ Deildarstjóri: Elísabet Gunnarsdóttir

/ 6 félagsráðsgjafir

/ 271 máli úthlutað í teymið árið 2021

Teymið var stofnað í október árið 2020 og er eitt helsta hlutverk teymisins að byggja upp sérþekkingu í könnunar- og meðferðarmálum barna af erlendum uppruna og í því skyni að efla tengsl og traust við samfélög fólks af erlendum uppruna hér á landi. Þá sinnir teymið einnig heimilisofbeldismálum og málum þar sem grunur leikur á ofbeldi gagnvart börnum.

Á árinu 2021 komu nokkur flókin mál til meðferðar í teyminu sem voru þess eðlis að börn höfðu verið aðskilin frá foreldrum sínum í einhvern tíma, jafnvel nokkur ár. Um var að ræða málefni barna sem höfðu verið skilin eftir hjá ættingjum í upprunalandinu á meðan foreldrarnir komu sér fyrir hér á landi. Að lokum sameinaðist barnið foreldrum sínum hér á landi. Hafa starfsmenn orðið varir við talsverða árekstra í samskipum á milli foreldra og barna í kjölfar slíkra sameininga. Í einhverjum tilvikum hafa slík mál verið tilkynnt til Barnaverndar Reykjavíkur vegna gruns um líkamlegt ofbeldi gagnvart barni af hálfu foreldra.

Teymið er reglulega með mál til meðferðar sem tengjast því að unglingar af erlendum uppruna vilja ekki haga sér í samræmi við menningu upprunalands síns og þær reglur

sem þeim eru settar á heimilum sínum. Í sumum tilvikum kemur til það alvarlega árekstra að nauðsynlegt reynist að vista barn utan heimilis. Í öðrum tilfellum hefur verið óskað eftir meðferð hjá fjölskyldufræðingi en fjölskyldumeðferð sem færir fram á heimilum barnanna í einskonar MST meðferðarformi myndi ef til vill nýtast fjölskyldunum best.

Reglulega eru mál til vinnslu sem varða vanrækslu tengdri áfengisneyslu foreldra. Oft reynist erfitt að veita foreldrum stuðning vegna áfengisneyslu þar sem áfengismeðferðir á Íslandi fara fram á íslensku. Í einu tilfelli var ákveðið að styðja foreldra til meðferðar í heimalandi sínu og hafa aðrir foreldrar fengið hvatningu um að nýta meðferð í þeirra heimalandi með það að markmiði að meðferðin nýtist sem best.

Fyrirséð er að enn muni aukast áskoranir tengdar því að finna börnum af erlendum uppruna fósturheimili þar sem hægt er að tryggja að barnið þekki til uppruna síns í menningar- og trúarlegu tilliti. Er þar horft til þeirrar ríku skyldu sem lögð hefur verið á ríki í nýlegri dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu í málum gegn Noregi til að tryggja að börn sem geta ekki alist upp hjá foreldrum sínum haldi engu að síður tengslum við foreldra sína, uppruna sinn, tungumál og trú.

TEYMIN

UPPRUNI ÞEIRRA BARNA SEM ÁTTU MÁL
TIL VINNSLU Í TEYMINU 2021

Upprunaland	Fjöldi
<i>Pólland</i>	<i>27</i>
<i>Rúmenía</i>	<i>21</i>
<i>Litháen</i>	<i>17</i>
<i>Víetnam</i>	<i>11</i>
<i>Afganistan</i>	<i>8</i>
<i>Írak</i>	<i>8</i>
<i>Filippseyjar</i>	<i>7</i>
<i>Nígíría</i>	<i>7</i>
<i>Taíland</i>	<i>7</i>
<i>Önnur upprunalönd</i>	<i>104</i>

ÁSTÆÐA TILKYNNINGAR

Ástæða tilkynningar	Fjöldi
<i>Ofbeldi</i>	<i>108</i>
<i>Vanræksla</i>	<i>105</i>
<i>Heimilisofbeldi</i>	<i>38</i>
<i>Áhættuhegðun</i>	<i>11</i>
<i>Tilfinningarlegt/sálrænt ofbeldi (annað en heimilisofbeldi)</i>	<i>9</i>

TEYMIN

e / Fósturteymi

/ Deildarstjóri: Arna Kristjánsdóttir
 / 9 ráðgjafar þar af 8 félagsráðgjafar
 / 21-37 mál pr. ráðgjafa á hverjum tíma

Meginhlutverk fósturteymis er að halda utan um málefni barna sem lúta forsjá barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Börnin eru flest í varanlegu fóstri en sum eru í tímabundnu fóstri, styrktu fóstri eða búa í öðrum vistunarúrræðum á vegum Barnaverndar Reykjavíkur.

Undir teymið heyra einnig vistanir ungmenna á aldrinum 18 – 20 ára, sem vistast áfram á fósturheimilum eða öðrum úrræðum Barnaverndar eftir að þau ná 18 ára aldri.

Ráðgjafar fósturteymis heimsækja reglulega öll fósturbörn sem teymið sinnir. Er börnunum veittur stuðningur og fylgst með að barni sé vel sinnt í fóstroinu. Þá er fósturforeldrum jafnframt veitt handleiðsla og stuðningur í því vandasama hlutverki sem fylgir því að vera fósturforeldri. Teymið heldur einnig utan um samskipti og umgengni kynforeldra við börn í fóstri. Í langflestum tilvikum fer umgengni fram í góðu samstarfi við barn, fósturforeldra og kynforeldra. Umgengni fer ýmist fram á heimili fósturbarna, heimili kynforeldra eða annarra ættingja eða í húsnæði á vegum Barnaverndar Reykjavíkur og þá með stuðningi og eftirliti starfsmanna.

Fósturteymið sinnir jafnframt verkefnum sem lúta að því að taka út heimili og veita umsagnir um leyfi til að ættleiða barn eða gangast undir tæknifrjógvun.

Svipaðar áskoranir blasa við fósturteymi og áður var fjallað um í teymi eldri barna og lýtur að skorti á úrræðum fyrir stálpuð börn og börn með alvarlegan hegðunar- og geðvanda. Á hverju ári koma upp nokkur tilvik þar sem börn í þessari stöðu verða fyrir fósturrofi þar sem fósturheimilið ræður ekki við vanda barnsins. Ráðgjafar fósturteymis sinna umfangsmiklu starfi í að styðja við fósturforeldra sem eru með börn með þungan vanda í fóstri. Byðst fósturforeldrum handleiðsla og persónulegur stuðningur bæði innan og utan heimilis. Þá er reynt að koma til móts við fósturheimilin með hvíldardvöl fyrir börnin utan heimilis. Hér skortir þó verulega á að í landinu séu til úrræði og stofnanir sem geta tekið við börnum í þessari stöðu bæði í bráðatilvikum en einnig til að greina vanda þeirra og veita þeim sérhæfða meðferð.

Í lok árs 2021

/ 148 börn í varanlegu fóstri
 / 18 börn í tímabundnu fóstri
 / 5 börn í styrktu fóstri
 / 24 ungmenni 18 – 20 ára í
 áframhaldandi vistun

ÚRLAUSNIR ÚRSKURÐARNEFNDAR VELFERÐARMÁLA OG DÓMSTÓLA


Árið 2021 voru 53 (64) úrskurðir kveðnir upp af barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Tölur inni í sviga eru vegna ársins 2020.

Þar af voru 8 (13) úrskurðir vegna forsjárvíptingar foreldra og 28 (21) úrskurðir vegna vistunar barna utan heimilis. Héraðsdómur féllst á beiðni barnaverndarnefndar um forsjárvíptingu foreldra í 7 skipti og endaði 1 mál með dómsátt.

Alls voru 13 úrskurðir staðfestir í héraðsdómi, þar af sjö staðfestir í Landsrétti vegna vistun barna utan heimilis. Einum aðila var synjað um áfrýjunarleyfi til hæstaréttar. Átta mál voru felld niður eða vísað frá í héraði þar sem tímalengd vistunar var runnin út og sex málum lokið með dómsátt.

Barnaverndarnefnd kvað upp 16 (25) úrskurði um umgengni, þar af voru 13 (18) um umgengni við foreldra og 3 (7) um umgengni við aðra nákomna. Úrskurðir um umgengni við foreldra voru kærðir til úrskurðarnefndar velferðarmála í 7 (9) tilvikum og staðfesti úrskurðarnefnd úrskurði barnaverndarnefndar 3 (7) og felldi úrskurði úr gildi 3 (2). Einu máli var vísað frá. Í 3 (1) tilvikum var úrskurður um umgengni við aðra nákomna kærður til úrskurðarnefndar velferðarmála. Úrskurðarnefndin staðfesti 1 úrskurð, 1 (1) var felldur úr gildi og þriðja málið er enn til vinnslu hjá úrskurðarnefnd.

Einn úrskurður var kveðinn upp um að hindra för barns úr landi. Hann var kærður og staðfestur hjá úrskurðarnefnd um velferðarmál. Árið 2020 voru þrír úrskurðir kveðnir upp hjá barnaverndarnefnd um önnur þvingunarúrræði og leyndan dvalarstað. Þeir voru allir kærðir til úrskurðarnefndar sem staðfesti í öllum tilvikum ákvörðun barnaverndarnefndar.



Í 4 tilvikum voru ákvarðanir Barnaverndar Reykjavíkur um synjun á beiðni um afléttingu nafnleyndar á tilkynningum til Barnaverndar Reykjavíkur og vegna synjunar á styrk til greiðslu lögmanskostnaðar kærðar til úrskurðarnefndar um velferðarmál. Í öllum tilvikum staðfesti úrskurðarnefnd velferðarmála ákvarðanir Barnaverndar Reykjavíkur.

ÁRSUPPGJÖR

Heildarkostnaður af rekstri Barnaverndar Reykjavíkur árið 2021 var kr. 2.816.417.000. Fjárhagsramminn var kr. 2.329.101.000 og voru heildarfrávik því kr. 487 milljónir eða 20,8% yfir áætlun.

Í meðfylgjandi yfirliti yfir frávikagreiningu sést að meginfrávikðið er á liðnum „Önnur úrræði“ en undir þann lið fellur kostnaður vegna vistana barna, svo sem greiðslur vegna fósturs og vistana í Klettabæ fyrir börn með alvarlegan þroska-, geð- og hegðunarvanda.

Að hluta er skýringa á því að finna í þeim breytingum sem orðið hafa á úrræðum á vegum ríkisins undanfarinn áratug, en ítarlega var fjallað um þá þróun í skýrslu stjórnenda í barnavernd á höfuðborgarsvæðinu frá í apríl 2021, sem áður hefur verið nefnd.

Launakostnaður á skrifstofu var undir ramma sem skýrist fyrst og fremst af því að ekki var búið að manna öll stöðugildi ráðgjafa í upphafi árs. Fyrirséð er að launakostnaður verði nær áætlun árið 2022, þar sem stöðugildi eru nú öll mönnuð.

Liðurinn aðkeypt vinna hefur undanfarin ár verið töluvert fram úr fjárhagsáætlun. Er það mat Barnaverndar að í fjárhagsramma sé þessi liður verulega vanáætlaður. Hér undir fellur fyrst og fremst sálfræðikostnaður vegna meðferðarvinnu fyrir börn, kostnaður við gerð forsjárhæfnimata, greiðsla lögmanskostnaðar og tülka. Hér er að langmestu leyti um lögbundna þjónustu að ræða sem Barnavernd Reykjavíkur ber að veita skjólstæðingum sínum. Ramminn fyrir þennan lið hefur á undanförunum árum hvorki breyst í takt við fjölgun mála né hækkun á tímagjaldi sérfræðinga, s.s. sálfræðinga og lögmanna. Fjárhagsrammi fyrir þennan lið var um 54 milljónir fyrir árið 2021 en raunkostnaður um 93 milljónir.

Frávik í Mánabergi og Hraunbergi skýrast fyrst og fremst af langtímoveikindum. Í Hraunbergi voru frávik um 21% fram úr áætlun og í Mánabergi um 5% (áætlun um kr. 284M en raun kostnaður kr. 298M).

FRÁVIK SAMANTEKT

Kostnaðarstaðir	Laun þs.kr.	Annar rekstur þs.kr.
Barnavernd skrifstofa	80.903	18.976
Önnur úrræði		473.622
Aðkeypt vinna	343	39.044
Hraunberg	28.439	2.384
Ásvallagata	0	650
Mánaberg 1	13.576	152
Fjárhagsaðstoð	0	8.968
	38.545	522.359
Samtals frávik		-487.316

TAKK FYRIR

